

Selfoss, 22. desember 2017

Tilvísun: 1607388/1610280

Vegna útgáfu rekstrarleyfa Arctic Sea Farm og Fjarðalax í Patreks- og Tálknafirði

Í samræmi við lög um fiskeldi, nr. 71/2008, hefur Matvælastofnun gefið út rekstrarleyfi til fiskeldis til handa Arctic Sea Farm og Fjarðalaxi í Patreks- og Tálknafirði. Um er að ræða samanlagða framleiðslu af 17.500 tonnum af laxi, en hámarkslífmassi eldisins verður 20.000 tonn sem samræmist burðarþoli fjarðanna. Framkvæmdin var háð mati á umhverfisáhrifum og þann 23. september 2016 gaf Skipulagsstofnun út álit sitt vegna framkvæmdarinnar.

Í álit Skipulagsstofnunar koma fram eftirfarandi athugasemdir:

Skipulagsstofnun telur að við leyfisveitingar þurfi að tilgreina viðmið um heimilaðan fjölda laxalúsa á eldisfiski með hliðsjón af áætlaðri hættu á afföllum villtra laxfiska. Einnig er lagt til að vöktun á laxalús á eldisfiski og sýnataka verði á þeim tíma árs sem aðstæður eru hagstæðar fyrir vöxt laxalúsar og að niðurstöður vöktunar séu gerðar opinberar auk þess sem skylt verði að samræma útsetningu seiða fyrirtækjanna á þann hátt að lágmarkshætta verði á því að smit frá eldinu berist milli árgangasvæða. Að auki telur Skipulagsstofnun að setja þurfi upp viðbragðsáætlun um mótvægisáðgerðir í samræmi við niðurstöður um smitálág frá eldisfiski hverju sinni og áhættu fyrir villta fiskistofna.

Í álitu sínu bendir Skipulagsstofnun á að eftir því sem laxeldi dreifist víðar um firði Vestfjarða og heildarumfang framleiðslunnar vaxi sé líklegt að hætta aukist á að eldislaxar nái að hrygna í vestfirskum ám og hafi möguleika á að blanda erfðaeftni við villtan lax. Stofnunin telur að ef blendingar nái fótfestu í viðkomandi laxastofni verði áhrifin varanleg og óafturkræf. Í því skyni telur Skipulagsstofnun að vegna fyrirhugaðs eldis eigi að setja þau skilyrði að eldisbúnaður fyrirtækjanna uppfylli sambærilegar kröfur og settar eru í staðlinum NS 9415:2009.

Telur stofnunin að áhrif eldis á ástand sjávar verði nokkuð neikvæð en afturkræf verði starfseminni hætt. Því telur Skipulagsstofnun að við leyfisveitingar þurfi að setja skilyrði þess efnis að fyrirtækin vakti ástand sjávar í fjörðunum með þeirri nákvæmni sem Hafrannsóknastofnun telur fullnægja til að hægt sé að meta burðarþol á svæðinu. Einnig telur stofnunin að lífrænn úrgangur frá fyrirhuguðu eldi muni safnast upp á botni undir sjókvíum og næsta nágrenni þeirra. Því verði áhrif á ástand sjávar talsvert neikvæð á súrefnisinnihald við botn á takmörkuðu svæði undir eldiskvíum og nokkuð neikvæð á innihald uppleystra næringarefna sjávar á stærra svæði út frá eldiskvíum. Þar af leiðandi verði neikvæð áhrif á botndýralíf talsvert neikvæð á takmörkuðu svæði nærri eldisstað, en fjær verði áhrifin nokkuð neikvæð til óveruleg. Áhrifin eru talin afturkræf ef starfseminni verður hætt og fóðrun lýkur. Skipulagsstofnun telur því að við leyfisveitingar þurfi að setja skilyrði varðandi vöktun á botndýralífi á eldisvæðum í Patreks- og Tálknafirði og að vöktun á uppsöfnun lífræns úrgangs á sjávarbotni undir og við eldiskvíar fyrirtækjanna og áhrifum þess á botndýralíf byggi á staðlinum ISO 12878 um vöktun á áhrifum eldis í sjókvíum á hafsbotn. Einnig telur Skipulagsstofnun að við leyfisveitingar skuli setja skilyrði þess efnis að eldi hefjist ekki á ný að lokinni hvíld fyrr en hafsbotn á svæðinu hefur náð ásættanlegu ástandi samkvæmt viðmiðum Umhverfisstofnunar, og leiði vöktun í

ljós að ástand botns vegna yfirstandandi eldis sé ekki ásættanlegt skuli draga úr framleiðslu á viðkomandi svæði.

Í álit Skipulagsstofnunar segir einnig að stofnunin telji að ef upp komi sjúkdómur eða laxalús á eldissvæðum fyrirtækjanna gætu áhrifin orðið nokkuð neikvæð á laxfiska næst eldissvæðinu. Áhrifin ráðist þó af því hvort mótvægisáðgerðir, í samræmi við áhættugreiningu, komi í veg fyrir að smit berist í villta laxfiska frá upptökustað. Jafnframt telur stofnunin líklegt að áhrifin verði tímabundin og afturkræf ef mótvægisáðgerðir koma í veg fyrir frekara smit.

Afstaða Matvælastofnunar til ofangreindra athugasemda:

Í 44. gr. reglugerðar um fiskeldi, nr. 1170/2015, kemur fram sérákvæði fyrir sjókvíaeldisstöðvar laxfiska sem nánar er tilgreint í viðauka 3. Í viðaukanum koma fram upplýsingar um hvað gæðahandbók sjókvíaeldisstöðvar eigi að innihalda. Við skráningar á innra eftirliti skal koma fram markmið, ábyrgð, framkvæmd og tíðni eftirlits, viðmiðanir, úrbætur og skráning. Eftirlit með laxalús er eitt þeirra atriða sem skylt er að fylgjast með. Með þessu ákvæði er rekstraraðilum gert skylt að hafa eftirlit með laxalús, en rekstraraðilar setja fram áætlun um vöktun og viðmið í gæðahandbók. Rekstraraðilar fara einnig eftir leiðbeiningum Matvælastofnunar um lúsatalningu og vöktun lúsasmits í sjókvíum (sbr. viðauki 10 í matsskýrslu). Einnig munu báðir rekstraraðilar vinna samkvæmt ASC vottunarstaðlinum, en samkvæmt staðlinum skal telja lús á eldisfiski vikulega á göngutíma villtra laxfiska til sjávar og hefja á slíka talningu mánuði áður en göngutími hefst. Einnig gerir ASC staðallinn kröfur um talningar á lús á villtum laxfiskum. Varðandi viðmið um heimilaðan fjölda laxalúsa þá leggur stofnunin til, í samræmi við skýrslu starfshóps sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um stefnumótun í fiskeldi, að miða ekki við hámarksfjölda laxalúsar á hvern fisk, heldur að brugðist verði við ef laxalús verður áberandi í eldi og meta þá aðstæður hverju sinni, m.t.t. árstíma, stærðar fiskar og staðsetningar. Matvælastofnun telur opinbera birtingu á niðurstöðum lúsatalningar vera jákvæða en telur að setja þurfi lagaákvæði sem tæki til þess. Matvælastofnun telur að atriði er varða vöktun laxalúsar og sýnatöku á þeim tíma árs sem aðstæður eru hagstæðar fyrir vöxt laxalúsar samræmist álit Skipulagsstofnunar. Stofnunin telur að ekki sé að fullu hægt að verða við álit Skipulagsstofnunar er varðar viðmið um heimilaðan fjölda laxalúsa með hliðsjón af áætlaðri hættu á afföllum villtra laxfiska þar sem viðmiðin eru sett af rekstraraðilum sjálfum skv. 44. gr. reglugerðar um fiskeldi, nr. 1170/2015. Sama á við um að niðurstöður vöktunar verði gerðar opinberar, en hvorki lög um fiskeldi, nr. 71/2008, né reglugerð um fiskeldi, nr. 1170/2015, kveða á um slíkt.

Um viðbrögð við fisksjúkdómum gilda lög um dýrasjúkdóma, nr. 25/1993, og reglugerð um viðbrögð við smitsjúkdómum, nr. 665/2001, reglugerð um heilbrigðiskröfur að því er varðar lagareldisdýr og afurðir þeirra og um forvarnir og varnir gegn tilteknum sjúkdómum í lagardýrum, nr. 1254/2008, og reglugerð um varnir gegn fisksjúkdómum og heilbrigðiseftirlit með fiskeldisstöðvum, nr. 403/1986. Dýralæknir fisksjúkdóma hefur unnið áhættumat varðandi áhrif fisksjúkdóma í eldi á villta stofna og niðurstöður áhættumats voru kynntar í skýrslunni *Áhrif smitsjúkdóma á vöxt og viðgang villtra laxa- og silungastofna* árið 2000. Með hliðsjón af því áhættumati auk gildandi laga og reglugerðar hefur Matvælastofnun sett upp viðbragðsáætlun sem notast verður við ef óæskileg sjúkdómastaða kemur upp í fiskeldi. Þar eru tilgreindar þær mótvægisáðgerðir sem gripið yrði til og hvenær aðgerða er þörf. Einnig er útsetningu seiða stýrt af Matvælastofnun sem tryggir samræmingu útsetningar milli rekstraraðila sem lámarkar hættu á að smit frá eldinu berist milli árgangasvæða. Matvælastofnun telur að ofangreint samræmist álit Skipulagsstofnunar.

Áður en rekstrarleyfi til fiskeldis eru gefin út liggja fyrir upplýsingar um að sá eldisbúnaður sem fyrirhugað er að nota til sjókvíaeldis uppfylli kröfur staðalsins NS 9415:2009. Gildistaka rekstrarleyfis er m.a. háð því að rekstrarleyfishafi skili inn stöðvarskírteini útgefnu af faggiltri skoðunarstofu fyrir

hverja einstaka starfsstöð sem kveðið er á um í rekstrarleyfi. Með framvísun stöðvarskírteinis staðfestir rekstraraðili að allur búnaður og uppsetning hans standist kröfur staðalsins að fullu. Matvælastofnun telur að ofangreint samræmist álit Skipulagsstofnunar.

Vöktun á ástandi sjávar, botndýralífi og uppsöfnunar lífræns úrgangs á eldissvæðum er framkvæmd samkvæmt vöktunaráætlun fyrirtækjanna sem heyrir undir starfsleyfisskilyrði Umhverfisstofnunar. Starfsleyfisskilyrði skylda rekstraraðila til að vakta losun mengunarefna til viðtaka og dreifingu þeirra ásamt því að meta vistfræðilegar afleiðingar hennar. Taka þarf sjósýni á þriggja ára fresti á hverju eldissvæði á þeim tíma sem mesta fóðrun stendur yfir. Samkvæmt starfsleyfisskilyrðum skal vöktun á uppsöfnun lífræns úrgangs á sjávarbotni undir og við eldiskvíar og áhrifum þess á botndýralíf vera samkvæmt staðlinum ISO 12878. Einnig getur Umhverfisstofnun, samkvæmt starfsleyfisskilyrðum, einhliða frestað útsetningu seiða bendi niðurstöður umhverfisvöktunar til þess að aðstæður í umhverfi eða náttúru séu óhagstæðar, t.a.m. þegar hafsbotn hefur ekki náð ásættanlegu ástandi eftir hvíld samkvæmt viðmiðum Umhverfisstofnunar. Matvælastofnun telur að ofangreint samræmist álit Skipulagsstofnunar.

Matvælastofnun og Umhverfisstofnun höfðu samráð vegna afstöðu stofnananna til álits Skipulagsstofnunar sem ritað er í samræmi við 2. mgr. 13. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000.

Erna Karen Óskarsdóttir
Erna Karen Óskarsdóttir
Fagsviðsstjóri fiskeldis